



Borgarráð

Umsögn við fyrirspurn borgarstjórnarflokks Sjálfstæðisflokksins um kostnað við upplýsingabækling um uppbyggingu íbúðarhúsnæðis í Reykjavík

Á fundi borgarráð þann 22. nóvember var lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins:

„Hvað kostaði bæklingurinn sem sendur var í öll hús um uppbyggingaráform í borginni. Óskað er sundurliðaðra upplýsinga um hvað vinna við bæklinginn kostaði, prentun og dreifing. Þá er jafnframt óskað svara við því hverjir komu að vinnu við bæklinginn.“

Umsögn skrifstofu eigna og atvinnuþróunar:

Kynningarbæklingurinn var unnin af almannatengslafyrirtækinu Athygli ehf sem vann að sams konar bæklingi á síðasta ári. Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot. Þeim til stuðnings voru starfsmenn Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu borgarstjóra, skrifstofu eigna og atvinnuþróunar og upplýsingadeild. Vinna starfsmanna borgarinnar fólst aðallega í að yfirfara upplýsingar um stöðu einstakra verkefna.

Kostnaður við gerð bæklingins var krónur. 6.532.722 og skiptist hann á eftirfarandi hátt:

1. Vinna Athygli var samtals 3.171.285 kr. Undir þessum lið er umsjón og ritstjórn, efnis- og myndöflun, textaskrif, uppsetningarvinna með umbrotsmanni, leiðréttingar, frágangur og fundir/samskipti við verkkaupa og aðra.
2. Ritform ehf. sá um hönnun og umbrot. Samtals 1.014.000 kr.
3. Prentun á 73.000 eintökum skv. tilboði frá Ísafold prentsmiðju. Samtals 2.903.500 kr.
4. Dreifing á höfuðborgarsvæðinu skv. tilboði Póstdreifingar. Samtals 1.200.269 kr.

Virðingarfyllt

Óli Jón Hertervig